# Brynjudalsskógur

## Skógræktar- og útivistarsvæði Skógræktarfélags Íslands

Fyrstu jólatrén voru gróðursett í Brynjudalsskógi rétt fyrir 1980. Frá því um 1990 hefur Skógræktarfélag Íslands lagt megin áherslu á ræktun jólatrjáa og uppbyggingu útivistaraðstöðu í dalnum.. Auk nytja af jólatrjám er gott berjaland í skóginum, en þar má finna aðalbláber, bláber, krækiber og hrútaber. Viður úr skóginum hefur líka verið nýttur í uppbyggingu aðstöðu og til eldiviðar.

Lagðir hafa verið göngustígar um skóginn og þjóna sumir jafnframt sem þjónustuvegir en eru ekki opnir almennri umferð vélknúinna farartækja. Göngustígarnir þjóna einnig sem upphaf hefðbundinna gönguleiða, svo sem um Laugabrekkur inn hálsinn og um Leggjarbrjót til Þingvalla eða upp á Botnssúlur. Um Laugabrekkur liggur einnig leiðin yfir hálsinn norður í Botnsdal og að Glym.

Tvö skjólhýsi eru í skóginum, Tjaldið og Höllin. Helstu áningarrjóður eru Hvammurinn í botni Kerlingadals (fyrir neðan Tjaldið) og Fururjóðrið milli Hrísakots og Hvammsins. Við Fururjóðrið hefur verið komið upp þrautabraut.

Jólatrjáarækt er hér stunduð í fjáröflunarskyni og eru jólatré úr Brynjudal eftirsótt á markaði. Einnig er tekið á móti skipulögðum hópum (mest starfsmönnum fyrirtækja og fjölskyldum þeirra) á jólaföstunni.

**Öllum er velkomið að nýta aðstöðu til skemmri dvalar og einu kvaðirnar eru að ganga vel um, fara varlega og skilja ekki eftir sig rusl!**

### Brynjudalsskógur - The Icelandic Forestry Association

Brynjudalsskógur is managed by the Icelandic Forestry Association. The main goal of cultivation is Christmas tree production, which is an important source of income for the association, and outdoor recreation. Other products of the forest include berries (bilberry, blueberry, crowberry and brambleberry) and wood, used for firewood and construction of facilities in the forest.

The forest has a system of paths and trails and is the starting point for several established hiking routes in the surrounding area.

### Jólatrén í Brynjudalsskógi
### The Christmas trees in Brynjudalsskógur



**Rauðgreni** - Norway spruce - Picea abies
Það er í hugum margra hið eina sanna jólatré, er fíngert og ilmandi, og hefur þessa dæmigerðu jólatrjáalögun. Með réttri meðhöndlun heldur það barrinu vel yfir hátíðarnar.



**Stafafura** - Lodgepole pine - Pinus contorta
Stafafura er sú trjátegund sem hefur verið höggvin næst mest hérlendis í jólatré. Hún hefur afar fallegan grænan lit, ilmar vel og er sérlega barrheldin.



**Blágreni** - Engelmann spruce - Picea engelmannii
Blágreni hefur verið nýtt í jólatré í nokkrum mæli. Blágrenið er hægvaxta, getur haft þétta og jafna krónu, er ágætlega barrheldið og hefur dökkgrænan lit. Það hefur gefist vel í ræktun víða um land.



**Sitkagreni** - Sitka spruce - Picea sitchensis
Sitkagreni nýtur vaxandi vinsælda sem jólatré. Það hefur djúpgrænan lit og er duglegt við að taka upp vatn.



**Fjallaþinur** - Subalpine fir - Abies lasiocarpa
Fjallaþinur hefur verið ræktaður hér lengi, en er ekki mjög algengur. Hann er hins vegar gott jólatré því hann fellir ekki barrið, ilmar vel og hefur oft jafna og þétta krónu.

Einnig finnast stöku tré af bergfuru og lindifuru í skóginum.

**Guests are welcome to visit and use the facilities, as long as they take care and do not litter.**




**Þú ert hér**
**You are here**

**GÖNGUM VEL UM GRÓIÐ LAND**
**TREAD LIGHTLY - DON'T LITTER**

Skógræktarfélag Íslands - The Icelandic Forestry Association
Sími/Tel.: 551-8150, skog@skog.is, www.skog.is